



# Trúarjátningin



Ég trúi á...



Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.



Ég trúi á...



Jesú Krist, hans einkason,



Drottinn vorn sem getinn er af heilögum anda,



fæddur af Maríu mey,



píndur á dögum Pontíusar Pílatusar,



krossfestur,



dáinn,



og grafinn,



steig niður til heljar,



reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum,




steig upp til himna,



situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs



og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.



Ég trúi á...



heilagan anda,



heilaga, almenna kirkju, samfélag heilagra,



fyrirgefningu syndanna,



upprisu mannsins,



og eilíft líf.

Amen

De

# Boðorðin tíu

Sumum finnst betra að læra hluti þegar hægt er að tengja þá við myndir.



1. Ég er Drottinn Guð þinn, þú skalt ekki aðra Guði hafa.

## OMG!


2. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins, Guðs þíns við hégóma.



3. Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan.




4. Heiðra skaltu föður þinn og móður þína.




5. Þú skalt ekki morð fremja.



6. Þú skalt ekki drýgja hór.



7. Þú skalt ekki stela.



8. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.



9. og 10. Þú skalt ekki girnast eigur náunga þíns.

2. Mósebók 20:2 – 17